

# Afreksstefna Skautasambands Íslands

Skautaþing ÍSS 2023



Skautasamband Íslands  
[www.iceskate.is](http://www.iceskate.is)

Icelandic Skating Association  
[info@iceskate.is](mailto:info@iceskate.is)

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
1.1	HUGTÖK	2
<b>2</b>	<b>MARKMIÐ</b>	<b>3</b>
2.1	MARKMIÐ AFREKSHÓPS	3
2.1.1	YFIRMARKMIÐ AFREKSHÓPS	3
2.1.2	ÁFANGAMARKMIÐ AFREKSHÓPS	3
2.2	MARKMIÐ AFREKSEFNA	4
2.2.1	YFIRMARKMIÐ FYRIR AFREKSEFNI	4
2.2.2	ÁFANGAMARKMIÐ FYRIR AFREKSEFNI	4
<b>3</b>	<b>MARKMIÐ OG HLUTVERK HLUTAÐEIGANDI AÐILA INNAN AFREKSSTEFNU ÍSS</b>	<b>4</b>
3.1	AÐILDAFÉLÖG	4
3.1.1	HLUTVERK AÐILDAFÉLAGA	4
3.2	IÐKENDUR INNAN SKAUTAÍPRÓTTA	4
3.2.1	HLUTVERK IÐKENDA Á AFREKSSTIGI	5
3.3	ÞJÁLFAVAR OG MENNTUN ÞEIRRA	5
3.3.1	HLUTVERK ÞJÁLFAVAR	5
3.4	STARFSFÓLK Á PANEL OG MENNTUN ÞEIRRA	5
3.4.1	HLUTVERK STARFSFÓLKS Á PANEL	5
3.5	HLUTVERK AFREKSNEFNDAR	5
3.6	HLUTVERK FAGTEYMIS	5
3.7	HLUTVERK ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDBS ÍSLANDS (ÍSÍ)	6
3.8	HLUTVERK FORRÁÐAMANNA	6
<b>4</b>	<b>FJÁRMÖGNUN</b>	<b>6</b>
4.1	AFREKSSJÓÐUR ÍSS	6
<b>5</b>	<b>MÆLINGAR Á MARKMIÐUM OG VIÐMIÐ</b>	<b>6</b>

# 1 Inngangur

Markmið afreksstefnu Skautasambands Íslands (ÍSS) er að setja skýrar línur í afreksmálum skautaíþróttanna í landinu, ásamt því að hvetja til frekari útbreiðslu íþróttanna á landsvísu. Gerð er rík krafa um gagnsæi í vinnubrögðum með skýrum og mælanlegum viðmiðum. Markmiðið er að uppfylla stefnu ÍSS til þess að ná árangri og að ljóst sé hvað teljist vera árangur á afreksstigi.

Með afreksstefnunni skal hlúa sérstaklega að afreksefnum og afreksíþróttafólki. Slíkt næst eingöngu með öflugu skipulagi og raunhæfri markmiðasetningu. Markmið skulu tímasett og kynnt í heild.

Afreksstefna ÍSS skal vera opinber á vefsíðu sambandsins. Mikilvægt er að allir hlutaðeigendur þ.e.a.s iðkendur, forráðamenn, þjálfarar og stjórnir skilji hvert sitt hlutverk er.

Afreksstefnan byggir á eldri afreksstefnu (2022-2026) en þar var stuðst við eldri afreksstefnur. Að endurskoðun stefnunnar koma stjórn og nefndir ÍSS.

Samkvæmt kröfum Afrekssjóðs ÍSÍ skal landssamband sem skilgreint er sem alþjóðlegt sérsamband innan Afrekssjóðs ÍSÍ skilgreina afreksstarf sitt til 4 ára í senn. Stefna þessi gildir því til ársins 2027 og skal endurskoðuð árlega og hafa aðgerðaráætlun til tveggja ára í senn. Afreksstefnan skal vera til umfjöllunar og samþykktar á Skautaþingi.

ÍSS ber ábyrgð á afreksstefnu íþróttageinanna og að henni sé framfylgt í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

## 1.1 Hugtök

Nánari lýsingu má finna á hugtökum og skilgreiningum ÍSS hér að neðan:

**Skautasamband Íslands: ÍSS**

**Alþjóðaskautsambandið: ISU**

**Stórmót (A flokkur):**

- ISU Úrslitamót (ISU Senior Grand Prix Events & Final)
- Vetrarólympíuleikar (Winter Olympic Games)
- Heimsmeistaramót (World Figure Skating Championships)
- Evrópumeistaramót (European Figure Skating Championships)

**Alþjóðleg stórmót unglunga og ISU mótaseríur (B flokkur)**

- ISU Úrslitamót í Unglingaflokki (ISU Junior Grand Prix Events & Final (JGP))
- Heimsmeistaramót Unglinga (World Junior Figure Skating Championships)
- Evrópuhátíð Ólympíuæskunnar (European Youth Olympic Winter Festival (EYOWF))
- Ólympíuleikar Ungmenna (Youth Olympic Games (YOG))

**Alþjóðleg mót (C flokkur)**

- Alþjóðleg mót á lista ISU

**Afrekshópur:** Íþróttafólk sem hefur náð alþjóðlegum stigaviðmiðum.

**Afreksefni:** Íþróttafólk sem hefur náð viðmiðum ÍSS og keppa í flokki Advanced Novice á alþjóðlegum mótum í mótaflokki C eða í flokki Junior og/eða Senior í mótaflokki B og/eða C.

Skilgreiningar á aldri keppenda í Advanced Novice, Junior og Senior fara alfarið eftir skilgreiningum og reglum ISU.

**Hæfileikamótun:** Íþróttafólk sem ekki hefur náð viðmiðum ÍSS en keppa í keppnisflokkum Advanced Novice, Junior og Senior.

## 2 Markmið

Megimarkmið og ábyrgð ÍSS í afreksstarfi er að bæta umhverfi og aðstæður afrekshóps og afreksefna með því að:

- Setja upp og framfylgja afreksstefnunni.
- Vinna að framþróun í samstarfi við ISU, ÍSÍ og aðra hlutaðeigandi aðila.
- Gagnsæ vinnubrögð í afreksstarfi og aðgengilegar upplýsingar fyrir alla.
- Hafa virka afreksnefnd sem setur markmið og heldur utanum landsliðsverkefni og val í þau.
- Árleg námskeið fyrir afrekshóp og afreksefni um reglur í íþróttagreinunum, markmiðasetningu, sálræna og líkamlega þætti.
- Bæta aðgengi íþróttafólks í afrekshóp og afreksefnum að fagfólki.
- Veita tækifæri til þátttöku á mótum eða æfingum á erlendri grundu.
- Stuðla að framhaldsmenntun þjálfara á afreksstigi.
- Skilgreina landsliðsverkefni.
- Lágmarka kostnaðarþátttöku afreksfólks og afreksefna í landsliðsverkefnum.
  - **Afrekshópur:** Að kostnaðarþátttaka keppenda verði ekki hærri en 15% árið 2024
  - **Afreksefni:** Að kostnaðarþátttaka keppenda verði ekki hærri en 70% árið 2024
- Halda úti afreksæfingabúðum a.m.k. einu sinni á ári.
- Styðja við aðildarfélög í landinu til að fá betri æfingaaðstöðu.
- Leita leiða til að fjármagna afreksstarf ÍSS.

### 2.1 Markmið afrekshóps

Markmið skulu vera einstaklingsmiðuð og unnin í samstarfi við skautara og þjálfara fyrir hvert keppnistímabil.

#### 2.1.1 Yfirmarkmið afrekshóps

Á stórmóti (flokkur A og B):

- Að Junior keppendur haldi alþjóðlegum stigaviðmiðum ISU og viðhaldi þ.a.l. keppnisrétti Íslands á ISU Junior World Championships.
- Að Senior keppendur haldi alþjóðlegum stigaviðmiðum ISU og viðhaldi þ.a.l. keppnisrétti Íslands á Evrópumeistaramóti ISU
- Að Senior keppandi nái alþjóðlegum stigaviðmiðum ISU á Heimsmeistaramóti ISU árið 2024.

Á alþjóðlegum mótum (flokkur B og C):

- Að vera meðal 8 efstu á NM árið 2024 í Junior
- Að vinna til verðlauna á ISU mótum í flokki Junior og Senior á keppnistímabilinu 2024/2025
- Að eiga árlega keppendur í Senior flokki á ISU Challenger Series.

#### 2.1.2 Áfangamarkmið afrekshóps

Áfangamarkmið í Junior flokki:

- Að íþróttafólk uppfylli kröfur um skylduæfingar prógramma í stuttu og frjálsu prógrammi skv. ISU keppnisreglum í Junior flokki.

Áfangamarkmið í Senior flokki:

- Að íþróttafólk uppfylli allar kröfur um skylduæfingar prógramma í stuttu og frjálsu prógrammi skv. ISU keppnisreglum í Senior flokki.

## 2.2 Markmið afreksefna

Markmið skulu vera einstaklingsmiðuð og unnin í samstarfi við skautara og þjálfara fyrir hvert keppnistímabil.

### 2.2.1 Yfirmarkmið fyrir afreksefni

- Að fleiri keppendur í flokkum Junior og Senior nái settum stigaviðmiðum ISU.
- Á alþjóðlegum mótum (flokkur C):
  - o Að vera meðal 10 efstu á NM
  - o Að vinna til verðlauna á alþjóðlegum mótum

### 2.2.2 Áfangamarkmið fyrir afreksefni

- Að fleiri keppendur í flokkum Junior og Senior uppfylli skylduæfingar í stuttu og frjálsu prógrammi skv. ISU reglum.
- Að hvetja keppendur í flokki Advanced Novice til að reyna við æfingar umfram lágmarkskröfur (í formi bónusa) til frekari undirbúnings fyrir Junior flokk.

## 3 Markmið og hlutverk hlutaðeigandi aðila innan afreksstefnu ÍSS

### 3.1 Aðildafélög

Fjölgun aðildafélaga er mjög háð fjölda íþróttamannvirkja og aðgengi að þeim. Fjölgun mun standa í stað á meðan fleiri skautahallir verða ekki byggðar. Leitast skal til að hvetja sveitar- og bæjarfélög til að huga að skautaíþróttum þegar verið er að skoða íþróttaiðkun á hverju svæði fyrir sig. Einnig mætti nýta tíma skautahalla betur þ.m.t. almennings- og æfingatíma.

#### 3.1.1 Hlutverk aðildafélaga

Félög skulu starfa eftir afreksstefnu ÍSS. Mikilvægt er að hvert aðildafélag móti eigin afreksstefnu fyrir sína iðkendur.

Þau atriði sem félög þurfa að hafa í huga eru:

- Viðunandi æfingaaðstaða.
- Fjöldi og samsetning æfinga.
- Hæfni þjálfara og æfingaumhverfi afrekshópa.
- Leggja áherslu á þátttöku forráðamanna í afreksstarfi barna sinna og efla tengsl þeirra við þjálfara og stjórnir félaga.

Mikilvægt er að aðildafélög skapi hvetjandi og uppbyggilegt umhverfi fyrir iðkendur og leitist við að auka tækifæri til ástundunar og æfinga.

### 3.2 Iðkendur innan skautaíþróttta

Hvert aðildarfélag fyrir sig þarf að leitast við að auka iðkenda fjölda og viðhalda nýliðun.

Fjölgun iðkenda er líklegri ef aukin fjölbreytni er innan aðildarfélaga, þ.e.a.s. ef bætt verður við synhcro, ísdansi, paraskautum og/eða skautaati (e.short track speed skating). Enn fremur er mikilvægt að hlúa vel að nýliðum innan íþróttanna og reyna eftir fremsta megni að halda íþróttafólki sem allra lengst innan þeirra í hvaða hlutverki sem það kann að vera.

### 3.2.1 Hlutverk iðkenda á afreksstigi

Góð ástundun er forsenda árangurs. Mikilvægt er að skautarar stundi íþrótt sína á uppbyggilegan hátt og gæta að almennu heilbrigði. Æskilegt er að skautarar sækji fræðslufundi og námskeið sem í boði eru.

Skautarar skulu iðka íþrótt sína sem ábyrgir þátttakendur í samræmi við Siðareglur ÍSS. Þeir skulu þekkja keppnisreglur og aðrar grundvallarreglur innan íþróttanna.

### 3.3 Þjálfarar og menntun þeirra

Markmið ÍSS er að þjálfarar sem starfa innan skautaiþróttta hafi til þess viðeigandi menntun og reynslu. ÍSS menntar þjálfara samkvæmt námskrá.

#### 3.3.1 Hlutverk þjálfara

Þjálfarar skulu hafa siðareglur ÍSS, ÍSÍ og ISU að leiðarljósi.

Hlutverk þeirra er að:

- Vinna samkvæmt afreksstefnu ÍSS.
- Vinna eftir lögum og reglum íþróttanna.
- Vinna með skauturum, félögum og ÍSS að markmiðum og haga þjálfun samkvæmt því.
- Þjálfarar skulu sækja menntun og reglulegrar endurmenntunar innan íþróttta.
- Taka þátt í þróunar- og samvinnuverkefnum.

### 3.4 Starfsfólk á panel og menntun þeirra

Markmið ÍSS skal vera að virkja og nýta þekkingu dómara og tæknidómara til uppbyggingar íþróttafólks á afreksstigi.-Til þess að það gangi upp þarf Ísland að eiga starfsfólk með ISU réttindi sem getur fylgt keppendum á ISU mót.

Mikilvægt er að aðildarfélögin aðstoði ÍSS við að viðhalda nýliðun á starfsfólki á panel.

ÍSS bjóði upp á regluleg námskeið fyrir starfsfólk á panel á öllum stigum. Þannig eflist starfsstéttin og þ.a.l. tryggður nægilegur fjöldi starfsfólks á panel.

#### 3.4.1 Hlutverk starfsfólks á panel

Skulu hafa siðareglur ÍSS, ÍSÍ og ISU að leiðarljósi í öllum verkefnum sem þeir taka þátt í á vegum ÍSS.

Hlutverk þeirra er að:

- Vinna eftir lögum og reglum í samræmi við vinnuskyldur.
- Sinna fræðsluhlutverki til aðildarfélaga, þjálfara, einstaklinga og forráðamanna eftir því sem við á.
- Sinna hlutverki sínu innan fagteymis gagnvart þjálfurum og iðkendum er varða afreksmál.

### 3.5 Hlutverk afreksnefndar

Hlutverk afreksnefndar er að hafa umsjón með öllu er viðkemur afreksmálum ÍSS. Nefndin starfar í samræmi við lög og reglugerðir ÍSS. Afreksnefnd skal meta stöðu og keppnishæfi iðkenda hverju sinni með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir.

### 3.6 Hlutverk fagteymis

Hlutverk fagteymis er að starfa í samvinnu við afreksnefnd og miðla þekkingu til afrekshóps, afreksefna, þjálfara og forráðamanna.

### 3.7 Hlutverk Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí)

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands styður við afreksfólk með úthlutun úr afrekssjóði ÍSí og almennum stuðningi. Afreks- og Ólympíusvið hefur yfirumsjón með samskiptum ÍSí við sérsambönd og fylgist með framgangi og árangri hvernar íþróttagreinar fyrir sig.

Hlutverk þróunar- og fræðsluviðs ÍSí er að halda á lofti forvarnarstefnu, jafnréttisstefnu og námskeiðahaldi í samstarfi við Afreks- og Ólympíusvið og Almenningsíþróttasvið.

### 3.8 Hlutverk forráðamanna

Forráðamenn gegna mikilvægu hlutverki innan hvers aðildarfélags.

Hlutverk þeirra er að:

- Kynna sér og þekkja viðmið ÍSS
- Fylgja siðareglum
- Styðja börn sín í afreksstarfi ÍSS og fylgja þeim reglum sem settar eru þar um

## 4 Fjármögnun

Afreksstefna ÍSS er fjármögnuð með

- fjárframlagi frá ISU
- afreksstyrk ÍSí
- ríkisstyrkjum
- framlögum frá styrktaraðilum

### 4.1 Afrekssjóður ÍSS

Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS eru ætlaðar afreksstarfi sambandsins til handa afreksíþróttafólki sambandsins til að koma til móts við beinan kostnað vegna keppnisþátttöku á erlendri grundu.

Keppendur sem náð hafa viðmiðum ÍSS í Afrekshóp eða Afreksefni geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Fjármögnun sjóðsins og greiðslur úr honum fara eftir reglugerð um Afrekssjóð ÍSS.

## 5 Mælingar á markmiðum og viðmið

Stjórn ÍSS skal hafa eftirfylgni með því að unnið sé markvisst að ofangreindum markmiðum og mælir árlega þann árangur sem áunnist hefur.

Gera skal árlega skýrslu í lok hvers keppnistímabils um árangur skautara og hvort markmiðum afreksstefnu hafi verið náð hverju sinni. Er það í höndum afreksnefndar að vinna slíka skýrslu og skila til stjórnar ÍSS.

Afreksstefna þessi skal endurskoðuð árlega til fjögurra ára í senn.